

Tillaga

Stjórn SSH leggur til við aðildarsveitarfélögin að Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu starfi áfram á grundvelli samkomulags sveitarfélaganna frá því í maí 2014, og Strætó bs. annist áfram þann hluta ferðapjónustu fyrir fatlað fólk sem lagt var upp með þeirri þjónustulýsingu sem fylgdi samkomulaginu.

Í ljósi fyrirliggjandi reynslu verði gerðar nauðsynlegar lagfæringar og breytingar á samkomulaginu, sameiginlegum reglum og þjónustulýsingu m.a. með vísun til ábendinga framkvæmdaráðs, þeirra greininga sem unnar hafa verið af Framsækni ehf og Nor ehf og fyrirliggjandi umsagna frá samráðshópi félagsmálastjóra og stjórnar Strætó bs.

Hér er einkum um að ræða:

- Skerping á skilgreindri ábyrgð samráðshóps félagsmálastjóra sbr. 4. grein samkomulagsins og trygging á reglubundnum og formlegum samskiptum milli samráðshópsins og akstursþjónustu Strætó bs. Gengið verði frá nauðsynlegum erindisbréfum vegna þessa.
- Skilgreining á formlegum samráðsvettvangi fræðsluviða sveitarfélaganna og akstursþjónustu Strætó bs. v. skólaaksturs fatlaðra. Gengið verði frá nauðsynlegum erindisbréfum vegna þessa
- Virkjun CERT skráningarhluta Trapeze kerfisins til að velferðarsvið sveitarfélaganna verði beintengd kerfinu v. skráningar á verkbeiðnum til akstursþjónustu Strætó bs.
- Endurskilgreining á opnunartíma þjónustovers Ferðapjónustu fyrir fatlað fólk til að tryggja betri nýtingu á fjármunum og til lækkunar á núverandi resturskostnaði.
- Sameiginlegar reglur verði endurskoðaðar í ljósi fyrirliggjandi reynslu s.s. vegna upptöku fjölbreyttari úrræða til aksturs, endurmati á þjónustuumfangi o.fl.
- Þjónustulýsing v. akstursþjónustu Strætó bs. verði endurskoðuð í ljósi reynslu liðins árs.
- Samhliða ofangreindu verði sett formlegri umgjörð utan um akstursþjónustu Strætó bs. s.s. með ákveðnu stjórnunarteymi sem starfar í umboði stjórnar byggðasamlagsins, m.a. með vísun í tillögu fráfarandi framkvæmdaráðs og umsögn samráðshóps félagsmálastjóra /forstöðumanna velferðarsviða.

Meginþáttum stjórnarsýslufyrirkomulagsins er lýst í meðfylgjandi mynd, merkt fylgiskjal 1.

Framangreind vinna verði unnin á vettvangi SSH og stefnt að því að henni verði lokið fyrir stjórnarfund SSH 8. febrúar 201

Greinargerð:

Á árinu 2015 hafa málefni ferðapjónustu fyrir fatlað fólk verið í brennidepli á vettvangi stjórnar SSH og eigendavettvangs Strætó bs.

Í kjölfar samþykktra á eigendafundi Strætó bs. frá 6. mars 2015 hefur verið unnið á vettvangi að ýmsum þáttum sem snúa að fyrirkomulagi og kostnaði ferðapjónustunnar, m.a. að mótun tillögu að framtíðarfyrirkomulagi stjórnsýslu þessa samstarfsverkefnis sveitarfélaganna.

Fyrir liggur að þær aðgerðir sem ráðist var í á liðnu hausti til að ná fram aukinni skilvirkni, bættri nýtingu bílafloata og lækkun kostnaðar við akstursþjónustu munu leiða til hagfelldari niðurstöðu við rekstur þjónustunnar.

Með sama hætti þarf nú að skerpa og skilgreina betur stjórnsýsluþátt ferðapjónustunnar á grundvelli fyrirbyggjandi reynslu liðins árs.

Sú vinna sem fram hefur farið á vettvangi SSH á grundvelli samþykktar eigendafundar Strætó bs. frá 6. mars 2015 hefur leitt til ofangreindrar tillögu, sem gerir ráð fyrir að áfram verði unnið á grundvelli samnings sveitarfélaganna frá 19. apríl 2014. Reynsla liðins starfsárs sýnir að þörf er á tilteknum lagfæringum. Með þeim aðgerðum, ásamt þeirri vinnu sem fram hefur farið á vettvangi velferðarsviða sveitarfélaganna og innan Strætó bs má ætla að annar og betri bragur verði á verkefninu, bæði framkvæmdar- og fjárhagslega.

Ofangreind tillaga er efnislega í fullu samræmi við meginþætti lokaskýrslu fráfarandi framkvæmdaráðs ferðapjónustu fyrir fatlað fólk frá 13. desember 2015, sem og umsögn samráðshóps félagsmálastjóra /forstöðumanna velferðarsviða aðildarsveitarfélaganna frá 8. janúar 2016 og umsögn stjórnar Strætó bs. frá 8. janúar 2016.

Kópavogi 11. janúar 2016

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH.

